



„HEI, ÞÚ! - langar þig að vera FÉLAGSMÁLATRÖLL ?“

Héraðssamband Þingeyinga hefur fengið Sabínu Halldórsdóttur, starfsmann UMFÍ, til að koma og halda félagsmálanámskeiðið – og HSP býður þér að koma!

Námskeiðið er aðeins í tvo tíma, er ókeypis og í lokin verða léttar veitingar. Farið er yfir ýmsa þætti er tengjast félagsmálum, ræðumennsku og fundasköpum.

Hvetjum sérstaklega ungt fólk til þess að grípa tækifærið!

Staður – dagsetning - tími:
Grænatorg í Íþróttahúsinu á Húsavík
28. maí 2015
milli kl. 17:00 – 19:00

Formenn aðildarfélaganna HSP: ég minni á að „Formannafundur HSP“ er sama kvöld kl. 20:00, en þar verður Sabína einnig með kynningu á hreyfivíkunni „Move week“

Skráning: hjá Elínu, framkv.stj. HSP, á netfangið; hsth@hsth.is



Fótboltaæfingar hjá Umf. Eflingu í sumar

Fótboltaæfingar og íþróttaskóli hefjast 1. júní og verða með eftirfarandi sniði:

Mán – fim kl. 12:30 – 13:30 ; Íþróttaskóli fyrir leikskólabörn
Mán og mið kl. 13:45 – 14:45 ; fótboltaæfing fyrir 7 – 10 ára
Mán og mið kl. 14:45 – 15:45 ; fótboltaæfing fyrir 11 – 16 ára
Þjálfari er Freyþór Hrafn Harðarson

Hægt er að skrá börnin með því að senda póst á umfeffing@gmail.com

Upplýsingar um æfingagjöld og fyrirhugaða þátttöku á mótum er hægt að sjá á heimasíðu Umf.

Eflingar, www.efling.hsth.is og á facebook síðunni „Ungmennafélagið Efling, Reykjadal“

Hlaupastelpan



Kemur út á fimmtudögum.

Efni skal skila inn fyrir kl. 15:00 á þriðjudögum

**Bjóðum upp á : Hálfsíðu kr 2900
Heilsíðu kr. 3990**





Auglýsing um skipulagsmál á Illugastöðum

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar boðar hér með til almenns kynningarfundar í þjónustuhúsinu á Illugastöðum n.k. þriðjudag 26. maí kl 16:30.

Kynntar verða tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar á orlofshúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Tillögurnar gera ráð fyrir að svæði sem skilgreint er sem svæði fyrir fristundabyggð í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 stækki úr 19,7 ha í 38 ha.

Tillögurnar verða kynntar eins og 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.
Bjarni Reykjalín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar



Frá sundlaug Stórutjarnaskóla

Vegna viðhalds verður sundlaug Stórutjarnaskóla lokuð frá og með fimmtudeginum 28. maí þar til Hótel Edda opnar í byrjun júní.

Skólastjóri

20. tbl.
21. maí
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Hvítasunnudagur

Hátíðarguðsþjónusta verður í Einarstaðakirkju á hvítasunnudag 24. maí kl. 11.
Prestur verður Sr. Örnólfur Ólafsson á Skútustöðum.

Sóknarnefnd



Brautskráning stúdenta frá Framhaldsskólanum á Laugum

23. maí 2015

Stúdentar verða brautskráðir frá Framhaldsskólanum á Laugum laugardaginn 23. maí kl. 14.00. Athöfnin fer fram í íþróttahúsi skólans.

Allir nemendur, starfsfólk, sveitungar og velunnarar skólans eru hjartanlega velkomnir.

Að útskrift lokinni er öllum gestum boðið í hátíðarkaffi.